

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1909.

*Auðlýsing um notkun metrakerfis í mæli og vog, undirskrifuð af ráðherra*  
27. desbr. 1909.

### **Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu 108** **um sveitfesti þurfalings.** 22. nóv.

Með brjefi, dags. 30. september þ. á., hafið þjer, herra sýslumaður, sent hingað erindi frá hreppsnefndaroddvita Keflavíkurhrepps, þar sem hann fer fram á, að stjórnarráðið breyti úrskurði yðar, dags. 13. júlí þ. á., útaf ágreiningi milli Keflavíkurhrepps og Hafnahrepps um sveitfesti Guðnýjar Vilhjálmsdóttur í Garðbæ í Njarðvíkum, en í nefndum úrskurði yðar, er svo ákveðið, að hún skuli sveitlæg teljast í Keflavíkurhreppi.

Útaf þessu skal yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigandi hreppsnefndum, að með því að stjórnarráðið telur úrskurð yðar rjettan og er yður einnig samdóma í öllum aðalatriðum, sem úrskurð urinn byggist á, skal hann standa óhaggaður.

### Úrskurður sýslumanns:

Í þóknanlegu erindi, dags. 21. apríl þ. á., hafið þjer, herra oddviti, jafnframt því að skýra frá því að Magnús nokkur Pálsson þurrabúðarmaður í Garðbæ í Keflavíkurhreppi, hafi beiðst meðlags af hreppsþje með tengdamóður sinni Guðnýju Vilhjálmsdóttur, og að þjer að fenginni skýrslu konu þessarar um aldur hennar og verustaði sjeuð þeirrar skoðunar, að hún með hliðsjón af 33. gr. fátækralaganna frá 10. nóvember 1905, muni veta sveitlæg í Hafnahreppi, farið þess á leit, að Guðný þessi verði úrskurðuð sveitlæg þar, og Hafnahreppi verði gjört að greiða til Keflavíkurhrepps 100 kr. meðlag með henni fyrir þá yfirstandandi fardagaár eða alt áskilið meðlag með oftgreindum þurfaling, þar oddviti hreppsins hafi vanrækt að svara tilkynningu yðar um sveitfesti þurfalingsins, dags. 15. mars þ. á., og loks að hreppsnefndin taki til sín þurfaling þennan í fardögum eða semji um meðlag með honum, ef hann eigi álitist flutningsfær. Eftir að hafa fengið umsögn oddvitans í Hafnahreppi, dags. 15. maí þ. á., erindi yðar viðvikjandi ásamt þar meðfylgjandi yfirlýsing greinds Magnúsar Pálssonar um honum veittan sveitarstyrk af Keflavíkurhreppi með oftnefndu þurfamenni og loks svar yðar því viðvikjandi, dags. 12. f. m., og ennfremur 2 vottorð prestsins í Útskálaprestakalli og brjef oddvitans í Hafnahreppi, dags. 26. f. m., er hjermeð svofeldur úrskurður lagður á mál þetta.

Samkvæmt fyrgreindri skýrslu Guðnýjar um sveitfesti hennar, tekinni af hreppstjóra 21. apríl þ. á., er hún fædd í Höfnum og ólst þar upp þar til hún

**108** var 22 $\frac{1}{2}$ árs að hún flutti úr hreppnum með manni sínum og bjó utanhrepps 8 22. nóv. ár. Því næst dvaldi hún í samfleytt 26 ár í Hafnahreppi og fluttist svo þaðan til dóttur sinnar, Steinunnar, í Njarðvíkurhreppi. Í kirkjubókum Útskálaprestakalls er Guðný, þá hún var fermd, talin fædd 12. okt. 1837 og samkvæmt kirkjubókum þessum hefir Guðný vikið úr Útskálaprestakalli 1895, þá talin 58 ára að aldri, og hefir hún því dvalið utan Hafnahrepps síðastliðin 13 til 14 ár samfleytt. Með skírskotun til oftgreindrar skýrslu þurfa­lings þessa hafið þjer haldið því fram, að hún hafi þegið styrk með dóttur sinni af Hafnahreppi, sem sje óendurgoldinn, en engin skýrsla fyrir­liggur um það, hvenær styrkur þessi hafi verið veittur, og í brjefi oddvitans í Hafnahreppi, 26. f. m., er yfir því lýst, að hún eigi hafi þegið neinn styrk þaðan á tímabilinu 1895—1905, eða þar til fátækralögin frá 10. nóv. 1905 öðluðust gildi, og á því virðist aðallega vel­ta í máli þessu, hvort ákvæði í 33. gr. fátækralaganna, um sveitfesti eftir 65 ára aldur, nái til hjer umrædds þurfa­lings, þannig að hún haldi þeirri sveit, er hún hafið, er hún var 65 ára gömul, sem var Hafnahreppur, eða þeirri sveit, er hún samkvæmt eldri lögum um sveitfesti hefir unnið sjer, þá fátækralögin öðluðust gildi, er samkv. framangreindu virðist vera Njarðvíkur- nú Keflavíkurhreppur, og þar sem eigi verður álit­ið, að fátækralögin frá 10. nóv. 1905 hafi þá verkun aftur á við, að áður unnin sveitfesti verði þýðingarlaus, heldur beri að skilja þau þannig í hjer umræddu tilfelli, að þar sem maður er sveit­lægur þegar nýnefnd lög öðlast gildi og er orðinn 65 ára, þá haldi hann þeirri sveit áfram, er hjermeð úrskurðað, að oftnefnd Guðný Vilhjálm­sdóttir skuli álitast sveitlæg í Njarðvíkurhreppi hinum forna eða í núverandi Keflavíkurhreppi.

Þetta gefst yður hjermeð þjónustusamlega til vitundar yður til leiðbein­ingar og birtingar fyrir hreppsnefndinni.

**109**  
30. des.

## Auglýsing

um

### tugamæli og tugavog.

Samkvæmt 3. gr. í lögum nr. 33, 16. nóv. 1907, er hjer með fyrir skipað á þessa leið:

1. gr.

Í mæli og vog skal hafa frumeiningar þær og skiftinefni, er hjer segir:

#### Lengdarmál.

Frumeining lengdarmáls er st i k a (metri), skammstaf. st (m).

1 læfð (desímetri) er  $\frac{1}{10}$  stiku skmst. lfð (dm).

1 skor (sentímetri) er  $\frac{1}{100}$  stiku — skr (cm).